

BORGARRÁÐ 11. október 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Grensásveg 12 - R17090010

Borgarráð samþykkti í september á síðasta ári að heimila skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að kaupa fasteignina við Grensásveg 12. Kaupverð eignanna var skv. áætlun 785 milljónir króna sem var liður í aukningu á félagslegu húsnæði, en til stóð að útbúa 24 íbúðir í húsinu. Tveimur mánuðum síðar setti vinnueftirlitið bann við vinnu á byggingarvinnustað við Grensásveg 12, en við eftirlitsheimsókn kom í ljós að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi starfsmanna var síður en svo í samræmi við lög og reglur. Nú síðast var greint frá því að asbest hafi verið fjarlæggt úr húsinu, án þess að sótt hefði verið um tilskilin leyfi og viðeigandi hlífðarbúnaður væri til staðar. Í fréttum af málinu var sagt frá því að lífi og heilbrigði starfsmanna væri hætta búin af asbestmengun. Til stóð að afhenda borginni íbúðirnar 1. apríl 2018. Í ljósi ofangreinds er spurt: 1. Eru þessi kaup í samræmi við 5. gr. innkaupastefnu Reykjavíkurborgar? 2. Hver er staða framkvæmda? 3. Hvenær má gera ráð fyrir að húsnæðið verði tekið til notkunar? 4. Hvað hefur valdið töfum á verkinu? 5. Hvernig er viðbragði Reykjavíkurborgar háttað þegar á starfsfólki er ítrekað brotið eins og hér um ræðir?